

Undirritaður vill koma eftirfarandi minnispunktum á framfæri til viðbótar kæru sinni yfir kosningu þingmannsins Birgis Þórarinssonar.

Af 3. mgr. 5. gr. laga um þingsköp nr. 55/1991 má skilja að undirbúningsnefnd um rannsókn kjörbréfa taki ekki sjálf upp á því að rannsaka kosningu og kjörbréf tiltekins þingmanns nema að kæra liggi fyrir. Af þessum sökum ákvað undirritaður að leggja fram kæru þar sem afar mikilvægt er að umræða fari fram og afstaða tekin til þess hvort nýkjörnum þingmönnum sé stætt á því að skipta um flokk að loknum kosningum, áður en þingsetning fer fram.

Um sjálfstæði alþingismanna sbr. 48. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944.

Í gildandi stjórnarskrá sem og í tillögum stjórnlagaráðs segir að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við neinar reglur frá kjósendum sínum eða fyrirmæli frá öðrum. Slíkt ákvæði hefur verið í stjórnarskránni allt frá upphaflegri gerð árið 1874 og á sér langa sögu í stjórnarskrám Lýðræðisríkja alveg síðan á 18. öld í Frakklandi. Tilgangur þess var að koma í veg fyrir að fulltrúar ráðandi stétta mættu til funda með bindandi fyrirmæli til handa þingmönnum.

Ljóst er að ákvæðinu er ætlað að tryggja þingmönnum sjálfraði í starfi og að sannfæring þeirra sjálfra eigi að ráða afstöðu gagnvart þingmálum og umræðum í þinginu. Furðu oft virðast þingmenn samt á endanum greiða atkvæði “með óbragð í munni” þar sem samkomulag milli þingflokka virðist trompa þeirra eigin sannfæringu.

Það væri ansi langt seilst að ætla þessu ákvæði að standa vörð um rétt þingmanna til að skipta rakleiðis um flokk að nýloknum kosningum með tilvísan til eigin sannfæringar eða væringa á liðnu kjörtímabili. Það stenst vart siðferðislegar kröfur að villa um fyrir kjósendum með því að bjóða sig fram fyrir tiltekinn stjórnsmálaflokk en vera í raun í framboði fyrir annan ótiltekinn flokk. Með því að staðfesta kjörbréf Birgis Þórarinssonar væri Alþingi að leggja blessun sína yfir hegðun sem þessa sem þannig gæti orðið fordæmi fyrir komandi alþingiskosningar. Á að þurfa að spyrja alla frambjóðendur að því sérstaklega hvort þeir ætli sér að starfa að heilindum með þeim stjórnsmálaflokki sem þeir eru í framboði fyrir eða hvort þeir telji sig algjörlega óskuldbundna gagnvart þeim flokki og fólkinu sem þar starfar?

Kjörbréfanefnd þyrfti mögulega að taka afstöðu til þess hvort að 48. gr. gildandi stjórnarskrár eigi við um nýkjörna þingmenn sem Alþingi hefur enn ekki staðfest kjörbréf fyrir. Að mati undirritaðs gæti gildi ákvæðisins einungis afmarkast við þann tíma sem þeim er heimilt að taka þátt í þingstörfum og Alþingi er að störfum. Það breytir þó ekki því að tilgangur stjórnarskrárákvæðisins er klárlega ekki sá að standa vörð um óheiðarleika frambjóðenda í alþingiskosningum. Mælt er með því að siðareglur alþingismanna séu hafðar til hliðsjónar við úrlausn málsins, sér í lagi 5. gr. þar sem segir að þeir skuli rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika og ekki kasta rýrd á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni. Að hefja kjörtímabil á óheiðarlegan hátt kastar óneitanlega rýrd á starfsemi þingsins.

Reykjavík, 3. nóvember 2021.

Virðingarfyllst,

Sigurður Hreinn Sigurðsson.